

LEIÐARLJÓS: VIRÐING VELLÍÐAN VIRKNI



Sýn skólastarfs Öldutúnsskóla

Í samvinnu við foreldra og skólayfirvöld er stefna Öldutúnsskóla:

- Að leggja áherslu á jákvætt námsumhverfi þar sem nemendur fá tækifæri til að efla sjálfa sig, styrkja sjálfsmynd sína og taka sífelld meiri ábyrgð á sjálfum sér og námi sínu eftir því sem aldur og þroski þeirra gefur tilefni til.
- Að skólastarfið mótist af nútímalegum vinnubrögðum og sé gefandi og skapandi. Stundaðir séu fjölbreyttir kennsluhættir sem koma til móts við þarfir nemenda með áherslu á styrkleika þeirra.
- Að veita nemendum þekkingu til undirstöðu fyrir frekara nám og starf. Þeir eflist í sjálfstæðum vinnubrögðum og samvinnu sem mótist af virðingu og víðsýni gagnvart samferðafólki.
- Að stunda gagnkvæmt samstarf og upplýsingamiðlun milli heimilis og skóla sem styrki báða aðila að búa börnunum góð námsskilyrði.

